dagsskólakennarar sérstaklega að nota tækifærið og koma á þingið.

---

SPURNINGAR.—Ef börn eða mæður vildu senda ritstjóra „Barnanna" spurningar, mundi það vera honum ánægja að leysa úr þeim, eftir því sem honum væri unt.

---

*NÝIR LJÓSGEISLAR.*

Nú eru komnir út nýir *Ljósgeislar.* Hinir fyrri eru uppseldir. Þeir fengu ágætar viðtökur; enda var engin ástæða til annars en að taka þeim vel. Enn þá minni ástæða verður til þess að taka nýju „Ljósgeislunum", sem nú eiga að koma, öðruvísi en vel. Enda er eg viss um, að þeim verður fagnað stórkostlega af öllum, bæði ungum og gömlum, þegar þeir sýna sig. Eg tel það stórkostlegt happ fyrir okkur Íslendinga, að eignast önnur eins spjöld og þessi á íslensku handa börnunum okkar. Við höfum átt svo lítið af því tægi handa þeim, *og aldrei neitt jafn-fallegt.* Þetta er ekkert skrum. Þau munu bera sér sjálf vitni, spjöldin. Það eru litmyndir. Myndin öðrum megin, en lexían hinum megin, eins og á fyrri „Ljósgeislunum", en aðrar myndir og aðrar lexíur. Verðið er búist við að verði 15 ct., þegar 5 eintök eru tekin í einu eða fleiri (52 spjöld í hverju eintaki), annars 20 ct. Pantanir ættu að sendast þegar til ritstjóra „Barnanna". En borgunin verður að fylgja þeim.

---

*„Sameiningin"* kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. *„Börnin"*—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.", hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna": Selkirk, Man. — „Börnin" koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. *Sigrbjörn Á. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam." á Íslandi.

---

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam." og „Barnanna".

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man. Canada.